

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 10. júní 2005

Tæplega 80% vöxtur í rjúpnastofninum

Rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar Íslands nú í vor sýna að meðaltali 78% vöxt í stofninum en vorið 2004 sýndu samsvarandi talningar 104% vöxt á milli ára. Þessi mikli vöxtur tvö ár í röð á sér ekki hliðstæðu á síðari árum og er ástand rjúpnastofnsins nú í samræmi við þær væntingar sem gerðar voru til tímabundinnar friðunar haustið 2003. Verði rjúpnaveiðar leyfðar aftur í haust leggur Náttúrufræðistofnun til að þær verði takmarkaðar verulega þannig að þær dragi ekki úr möguleikum stofnsins til að ná aftur sambærilegri stærð og lengst af á síðustu öld. Jafnframt leggur stofnunin til að tvö stór svæði, annað á Suðvesturlandi og hitt á Norðausturlandi, verði lokað fyrir skotveiðum vegna samanburðarrannsókna.

Árlegri vortalningu Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpu er lokið. Rjúpur voru taldar á 41 svæði í öllum landshlutum. Frumniðurstöður sýna að fjölgun varð á 36 svæðum en fækkun á sex svæðum samanborið við árið á undan. Að meðaltali var aukningin á öllum svæðunum 78% (miðgildi 76%) samanborið við 104% (miðgildi 88%) árið 2004 (sjá meðfylgjandi töflu). Rjúpum fjölgaði í öllum landshlutum. Hlutfallslega var aukningin mest á Austurlandi eða 145% að meðaltali.

Alls voru taldir um 2800 karrar í talningunum nú í vor sem er um 2,5% af áætluðum heildarfjölda karra í landinu samkvæmt nýgerðu stofnstærðarmati. Þessar rjúpnatalningar fóru fram á rúmlega 2,6% af grónu landi neðan 400 m hæðar.

Þetta mikill vöxtur rjúpnastofnsins í prósentum talið tvö ár í röð á sér ekki hliðstæðu á síðari árum og uppfyllir þær væntingar sem gerðar voru til tímabundinna friðunaradgerða fyrir tæpum tveimur árum. Vonast var til að í uppsveiflu gæti stofninn vaxið 50–60% á milli ára í stað 20–30% eins og reyndin hefur verið undanfarna áratugi. Hraður vöxtur, sem skýrist af mun minni dauðsföllum fullorðinna fugla á þessu tveggja ára tímabili en áratugina þar á undan, bendir sterklega til að með markvissum aðgerðum sé hægt að snúa við langvarandi hnignun rjúpnastofnsins. Eins og kunnugt er sýndi tímaráðalíkan af rjúpnastofninum á Norðausturlandi að á tímabilinu 1981–2003 var stöðug fækkun í stofninum sem nam um 4% á ári að jafnaði.

Haustið 2004 ákvað umhverfisráðherra að leggja til breytingu á lögum nr. 64/1994 með það að markmiði að styrkja stjórnun rjúpnaveiða. Gert var ráð fyrir að rjúpnaveiðar hæfust á ný haustið 2005 ef ekkert óvænt kæmi fram um ástand rjúpnastofnsins nú í vor og nauðsynlegar lagaheimildir fengjust til að styrkja veiðistjórnunina. Niðurstöður úr rjúpnatalningunni nú í vor sýna að spá Náttúrufræðistofnunar um þróun stofnsins hefur gengið eftir og ástand hans í samræmi við væntingar.

Ákveði ráðherra að heimila rjúpnaveiðar haustið 2005 telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að veiðarnar verði mun takmarkaðri en áður hefur tíðkast. Brynt er að veiðarnar dragi ekki úr möguleikum rjúpnastofnsins til að ná stærsta hámarki í áratugi eins og nú stefnir í. Tryggja þarf að þessi mikla uppsveifla sem hafin er nái að halda

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

áfram næstu 2–3 árin en þá má búast við náttúrulegri niðursveiflu. Til lengri tíma litið er einnig mikilvægt að gefa rjúpnastofninum tækifæri til að sveiflast með líkum hætti og hann gerði lengst af á síðustu öld. Eigi það að ganga eftir þarf veiðialag á stofninn í heild að vera mun minna í framtíðinni en áður og í takt við ástand hans og veiðipól hverju sinni.

Náttúrufræðistofnun leggur eindregið til að þegar að rjúpnaveiðar hefjast að nýju verði engar veiðar leyfðar um nokkurra ára skeið á Suðvesturlandi líkt og verið hefur undanfarin ár. Einnig leggur Náttúrufræðistofnun til að rjúpur verði friðaðar um nokkurra ára skeið á jafnstóru eða stærra svæði á Norðausturlandi sem afmarkað yrði í samráði við stofnunina. Tilgangur slíkrar friðunar er tvíþættur. Annars vegar að bera stofnsveiflur rjúpna á stórum friðuðum svæðum saman við stofnsveiflur rjúpna á veiddum svæðum. Hins vegar að mæla nákvæmlega breytingar í lífslíkum rjúpna. Síðarnefndi þátturinn hefur hingað til einungis verið metinn á Norðausturlandi og byggir á vortalningum og á aldurshlutföllum í stofninum vor og síðsumars. Náttúrufræðistofnun telur að einnig ætti að huga að smærri gríðasvæðum í öðrum landslutum verði rjúpnaveiðar leyfðar.

Nánari upplýsingar um ofanritað veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@ni.is eða í sínum 5 900 500 og 552 8576

Með kveðju,
Álfheiður Ingadóttir
s. 893 88 66; alfheidur@ni.is



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Rjúpnatalningar 2005 – yfirlit

Svæði	Hvernig talnið	Stærð	Úrtak 2005 (karrar séðir)	Karrar/ferkm		Munur (%) 2005/04	
				2004	2005		
Suðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					97%	
Heiðmörk	Reitatalning	4,8	ferkm	14	1,67	2,92	75
Úlfarsfell	Reitatalning	8,0	ferkm	38	3,13	4,75	52
Vegsnið ofan Reykjavíkur	Vegsnið	86,0	km	107	5,64	5,36	-5
Ölfusvatn	Reitatalning	2,8	ferkm	13	1,79	4,64	160
Mosfellsheiði, vegsnið	Vegsnið	41,0	km	119	2,8	7,53	169
Mosfellsheiði, göngusnið	Göngusnið	83,0	km	220	2,33	4,47	92
Hrafnagjá	Reitatalning	1,7	ferkm	7	1,76	4,12	133
Vesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					40%	
Hundastapi	Reitatalning	4,5	ferkm	6	1,33	1,33	0
Litli-Langidalur	Reitatalning	1,5	ferkm	7	4,00	4,67	17
Skógarströnd	Reitatalning	6,3	ferkm	14	3,02	2,22	-26
Mýrar, vegsnið	Vegsnið	179,0	km	95	0,63	2,06	227
Dalir, vegsnið	Vegsnið	95,0	km	105	2,2	2,72	24
Dagverðarnes	Reitatalning	4,1	ferkm	21	5,12	5,12	0
Vestfirðir	Vöxtur milli ára, meðaltal					70%	
Reykholar	Reitatalning	3,3	ferkm	21	3,33	6,36	91
Strandir-Djúp, vegsnið	Vegsnið	167,0	km	100	0,8	1,6	99
Bjarnarnes	Reitatalning	1,6	ferkm	12	6,25	7,50	20
Norðvesturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					71%	
Skagi, vegsnið	Vegsnið	114,0	km	95	0,97	2,48	156
Vestur-Hún., vegsnið	Vegsnið	197,0	km	219	1,08	2,67	147
Hegranes, vegsnið	Vegsnið	27,0	km	41	7,29	6,02	-17
Skagi, vegtaling	Vegtaling	52,0	km	145	0,96	2,79	190
Hegranes, vegtaling	Vegtaling	29,0	km	90	3,79	3,10	-18
Útanverðunes	Reitatalning	5,3	ferkm	42	11,32	7,92	-30
Norðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					80%	
Hrísey	Reitatalning	7,7	ferkm	158	18,31	20,52	12
Krossanesborgir	Reitatalning	1,1	ferkm	17	18,18	15,45	-15
Birningsstaðir	Reitatalning	5,7	ferkm	30	2,46	5,26	114
Búrfellshraun	Reitatalning	2,5	ferkm	16	2,00	6,40	220
Hafursstaðir	Reitatalning	8,0	ferkm	30	2,13	3,75	76
Hofstaðir	Reitatalning	4,5	ferkm	22	2,89	4,89	69
Hóll	Reitatalning	2,4	ferkm	41	8,75	17,08	95
Laxamýri	Reitatalning	3,7	ferkm	43	8,11	11,62	43
Þis tilfjörður, vegsnið	Vegsnið	27,0	km	80	2,40	6,21	158
Bakkafjörður, vegsnið	Vegsnið	47,0	km	53	1,42	2,03	43
Slétta, göngusnið	Göngusnið	43,0	km	317	8,7	16,28	87
Tjörnes, vegsnið	Vegsnið	36,0	km	93	3,80	6,97	83
Slétta, vegsnið	Vegsnið	23,0	km	120	6,54	9,65	48
Austurland	Vöxtur milli ára, meðaltal					145%	
Jökulsárhlið	Reitatalning	4,5	ferkm	33	3,56	7,33	106
Hérað, vegsnið	Vegsnið	107,0	km	82	1,07	2,93	174
Rangá	Reitatalning	6,5	ferkm	28	1,69	4,31	155
Suðausturland	Vöxtur milli ára, meðaltal					75%	
Kvísker	Reitatalning	2,1	ferkm	2	0,48	0,95	100
Skaftafell	Reitatalning	14,1	ferkm	3	0,14	0,21	50
Suðurlandsundirlendi	Vöxtur milli ára, meðaltal					30%	
vegsnið	Vegsnið	196	km	95	2,07	2,69	30
	Karrar alls			2794			
	Reitir	106,7	ferkm			Meðaltal	78%
	Snið	1549,0	km			Miðgildi	76%